

SKATTFRÁDRÁTTUR

Endurgreiðsla rannsóknar- og þróunarkostnaðar
Fjarfundur 28. apríl 2020



ATVINNUVEGA- OG
NÝSKÖPUNARRÁÐUNEYTIÐ



FJÁRMÁLA- OG
EFNAHAGSRÁÐUNEYTIÐ



Skattfrádráttur

Markmið

Markmiðið er að efla rannsóknir og þróunarstarf og bæta samkeppnisskilyrði nýsköpunarfyrirtækja með því að veita þeim rétt til skattfrádráttar vegna kostnaðar við nýsköpunarverkefni.

Fyrir hverja?

Fyrirtæki sem eru eigendur rannsókna- eða þróunarverkefna. Háskólar og stofnanir teljast ekki fyrirtæki í skilningi þessara laga.

Skattfrádráttur

Breyting á lögum þann ... 2020 - frumvarp

Fyrirtæki sem er eigandi að rannsóknar- eða þróunarverkefni á rétt á frádrætti frá álögðum tekjuskatti sem nemur allt að 25% af útlögðum kostnaði vegna þessara verkefna.

Hámark kostnaðar til útreiknings hjá hverju fyrirtæki er 900 m.kr. (1.100 m.kr. ef um er að ræða samstarfsverkefni og ef fyrirtækið er með aðkeypta rannsóknar- eða þróunarvinnu).

Skattfrádráttur miðast við verkefni og þarf að sækja um fyrir hvert verkefni.

Skattfrádráttur

Ferlið

Fyrirtæki sækja um staðfestingu á rannsóknna- eða þróunarverkefni til Rannís.

Fyrirtæki sem fá staðfestingu á rannsóknna- eða þróunarverkefni eiga rétt á frádrætti á tekjuskatti. Fyrirtæki gera grein fyrir kostnaði á skattskýrslu til RSK og þarf endurskoðandi að staðfesta uppgjorið.

Sé álagður tekjuskattur lægri en ákvarðaður frádráttur, eða lögaðila er ekki ákvarðaður tekjuskattur vegna skattalegs taps, er frádrátturinn greiddur út.

Sækja þarf um fyrir hvert verkefni fyrir sig.

Kostnaður

Rannsóknar- og þróunarkostnaður: Beinn kostnaður við verkefnið og annarra aðfanga sem eingöngu fellur til við verkefnið.

Með umsókn skal fylgja greinargóð lýsing á verkefninu ásamt verk- og kostnaðaráætlun.

Halda þarf öllum kostnaði við hvert verkefni aðskildum frá öðrum rekstri.


Umsóknafrestir

- ✓ Nýjar umsóknir – til 1. október.
- ✓ Framhaldsverkefni – til 1. apríl.

Athugið að þessir umsóknafrestir eru lögbundnir og það er ekki hægt að færa þá til.

Umsækjendur sem sóttu um 1. apríl síðastliðinn þurfa að sækja um aftur fyrir 1. október ef frumvarp verður að lögum

Skattfrádráttur



Greitt út í nóvember 2019 vegna 2018 voru 3,6 milljarðar

Greiðslur í okt/nóv 2020 eru byggðar á áætluðum kostnaði í umsóknum

Fjarfundur 28. apríl 2020